

## Eyjólfur Eyjells.

Mig furðar á því, að ekki skuli hafa verið ritað um sýningu þessa mikla listamanns og þó að jeg hafi ekki mikið vit á máláralist, þá vil jeg ekki leyna því, sem mjer hefir í hug komið. Í hvert skifti, sem jeg hefi komið á sýningu hjá Eyjólfi, og aldrei fremur en nú síðast, hefir mjer komið í hug, hvort þarna sje ekki einn af stórsnillingum máláralistarinnar. Hann er så af íslenskum málurum sem helst minnir mig á Jónas Hallgrímsson. Aldan er hjá Jónasi hafþlé; og jökullinn líkur mjöll. Vessu lik er sannleiksástin hjá Eyjólfi. Jeg hefi aldrei sjeð fjallmynd sem mjer þætti málud af öðrum eins snildartrúleik og Esja þarna á sýningunni. (En því miður vantar þó á þeirri mynd þann kluða fjallsins, sem inger þykir merkilegastur, því að þar er hin „pleistocene basaltformation“, sem er ný fyrir Ísland og að nokkru leyti fyrir alla jarðfræði, og jarðfræðingar munu koma og skoða, tugum saman, þegar jog fær sínhvern til að vera mjer samtaka í að yekja eftirtekt á þeirri stórfróðlegu jarðmyndun).

Helgi Pjeturss.

Sennil. '26